

Reykjavík, 27. júní 2012

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Varðar: Starfsleyfi fyrir nýja olíubirgðastöð á Ísafirði

Í framhaldi af athugasemdum UST dags 27. júní 2012 við starfsleyfisumsókn fyrir rekstur olíubirgðastöðvar undir gasolíur á lóð F, Mávagarði, Ísafjarðarbæ frá 16. júní 2012 eru eftirfarandi viðbótarupplýsingar veittar:

- a. lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu,
 - *Tekið á móti, geymd og afgreidd olía auk móttöku á úrgangsolíu samkvæmt verklagsreglum, sem samræmast reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ISO 14001 staðalinn, ISGOTT, International Safety Guidelines on Oil Tankers and Terminals og eru vottaðar í samræmi við ISO 9001:2008 staðalinn*
- c. lýsing á staðháttum við vinnslustað,
 - *Skip leggst að Mávagarði og losar í geyma stöðvarinnar í gegnum lagnir. Afgreitt er beint í skip í gegnum lagnir og á bíla, sem standa á áfylliplani stöðvarinnar.*
- e. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,
 - *Losun fer í fráveitukerfi Ísafjarðarbæjar.*
 - *Áhrif losunarinnar má m.a. lesa á vef UST:
http://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Olia_-_upplys._til_fjolmidla.pdf*
- f. lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,
 - *Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfispáttum, frárennsli fer í gegnum viðurkennda olíuskilju sem eru í reglubundnu eftirliti og þjónustu og geymar standa í lekaþró sbr reglugerð nr 35/1994.*
- g. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,
 - *Olíuskiljur eru virkniprófaðar í eftirliti, lagnir eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti og geymar þykktarmældir á 10 ára fresti skv reglugerð 35/1994, auk daglegs, vikulegs og mánaðarlegs eftirlits.*
- h. lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,
 - *Reglubundið eftirlit er skráð á eftirlitsblöð sem skilað er inn til aðalstöðva mánaðarlega og haldið er utan um annað eftirlit í sérstöku eftirlitsforriti á aðalskrifstofu, auk innri úttekta í samræmi við ISO staðlana*
- i. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingum á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,
 - *Þeim spilliefnum sem gætu myndast við afgreiðslur, eins og olíumengaðar tuskur, er safnað í sérstök spilliefnakör, sem tæmd eru reglulega af viðurkenndum aðilum.*

Ef einhverjar spurningar vakna eða frekari upplýsinga er óskað, endilega hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,
f.h. Olíudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi